

26. Blúndur og útsaumur; borðar og kögur; hnappar og tölur, krókar og lykkjur, prjónar og nálar; gerviblóm.
27. Teppi, mottur; gólfdukar og annað efni til að leggja á gólf; veggklæðning (þó ekki ofin).
28. Leikspil og leikföng; leikfimi- og íþróttavörur sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; jólatrésskraut.
29. Kjöt, fiskur, alifuglar og villibráð; kjötkraftur; niðursoðnir, þurrkaðir og soðnir ávextir og grænmeti; ávaxtaflaup, -sultur og -sósur; egg, mjólk og mjólkurafurðir; matarolíur og matarfeiti.
30. Kaffi, te, kakó, sykur, hrísgrjón, tapioka, sagógrjón, gervikaffi; mjöl og matvörur úr korni; brauð, sætabrauð og sælgæti, ís til matar; hunang, síróp; ger, lyftiduft; salt, sinnep; edik, sósur (bragðbætandi); krydd; ís.
31. Landbúnaðar-, garðræktar- og skógræktarafurðir, svo og korn sem ekki er talið í öðrum flokkum; lifandi dýr, nýir ávextir og grænmeti; fræ, lifandi plöntur og blóm; dýrafóður; malt.
32. Bjór, ölkelduvatn, gosdrykkir og aðrir óáfengir drykkir; ávaxtadrykkir og ávaxtasafi; þykkni og önnur efni til drykkjargerðar.
33. Áfengir drykkir (nema bjór).
34. Tóbak; hlutir fyrir reykingamenn; eldspýtur.

II. Þjónusta.

35. Auglýsingastarfsemi; rekstur og stjórnun fyrirtækja; skrifstofustarfsemi.
36. Tryggingastarfsemi; fjármálastarfsemi; gjaldmiðlaviðskipti; fasteignaviðskipti.
37. Byggingastarfsemi; viðgerðir; uppsetninga- og lagnaþjónusta.
38. Fjarskipti.
39. Flutningar; þökkun og geymsla vöru; ferðaþjónusta.
40. Vinnsla og meðferð efna og hluta.
41. Fræðsla; þjálfun; skemmtistarfsemi; íþrótt- og menningarstarfsemi.
42. Veitingaþjónusta; gistiþjónusta; lækniþjónusta; heilsurækt, fegrunar- og snyrtiþjónusta; dýralækningar og þjónusta við landbúnað; lögfræðiþjónusta; vísindi- og rannsóknir; tölvuforritun; þjónusta sem ekki fellur undir aðra flokka.

REGLUGERÐ

um ýmis gjöld varðandi alþjóðlega skráningu vörumerkja.

1. gr.

Fyrir móttöku og meðhöndlun á umsókn um alþjóðlega skráningu vörumerkis, sbr. 46. gr. vörumerkjalaga, greiðist til Einkaleyfastofunnar 5.000 Kr.

2. gr.

Fyrir tilnefningu á Íslandi í umsókn um alþjóðlega skráningu vörumerkis, sbr. 51. gr. vörumerkjalaga, greiðist til Alþjóðahugverkastofnunarinnar:

1) grunngjald	11.300
2) flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	2.500
3) ef sótt er um skráningu á myndmerki eða stílfærðu orðmerki greiðist að auki	1.300
Fyrir endurnýjun alþjóðlegrar skráningar vörumerkis greiðist til Alþjóðahugverkastofnunarinnar:	
1) grunngjald	11.300
2) flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	2.500

3. gr.

Ákvæði varðandi önnur þjónustugjöld Einkaleyfastofunnar, skv. reglugerð nr. 673/1996 með síðari breytingum, gilda einnig varðandi alþjóðlegar vörumerkjaumsóknir og skráningar.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 62. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki og öðlast gildi 1. júní 1997.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. maí 1997.

Finnur Ingólfsson.

Halldór J. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 673/1996 um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.

1. gr.

Við 5. gr. bætist nýr stafliður (d-liður) sem orðast svo: Kr.
d) Fyrir hverja mynd umfram eina þegar merki er í þrívídd greiðist að auki 1.300

2. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Ýmis gjöld vegna vörumerkja:

a) Beiðni um breytingu á skráðu merki, sbr. 24. gr. vörumerkjalaga	2.000
– fylgi beiðnin umsókn um endurnýjun	1.000
b) Beiðni um innritun nýs eiganda (framsals) í vörumerkjaskrá	1.600
– fylgi beiðnin umsókn um endurnýjun eða beiðni skv. a-lið	0
c) Beiðni um innritun nytjaleyfis	1.600
d) Beiðni um innritun annarra breytinga í vörumerkjaskrá	1.200
e) Beiðni um endurbirtingu umsóknar eða skráningar	1.500
f) Staðfest útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr vörumerkjaskrá	1.200
g) Staðfest afrit umsóknar, forgangsréttarskjal	1.600
h) Útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr vörumerkjaskrá	550
i) Skyndikönnun á því hvort tiltekið vörumerki sé að finna í vörumerkjaskrá (allt að tvö tilvik í senn)	0
j) Athugun og mat á því hvort tiltekið vörumerki telst það líkt skráðu vörumerki eða merki sem sótt hefur verið um skráningu á að ruglingshætta yrði hugsanlega talin vera fyrir hendi ef umsókn yrði lögð inn	2.300

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki og öðlast gildi 1. júní 1997.

Iðnaðarráðuneytiinu, 20. maí 1997.

Finnur Ingólfsson.

Halldór J. Kristjánsson.